

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Selfossveitna, nr. 210/2008, með síðari breytingum.

Samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, með síðari breytingum, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Selfossveitna er öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

Gjaldskrá Selfossveitna, nr. 210/2008, með síðari breytingum, breytist þannig:

1. hluti hljóðar svo:

#### 1. HLUTI

#### Sölutaxtar, stofngjöld og innheimta.

##### I. Sölutaxtar.

Verð er án virðisaukaskatts.

##### I.a Afnot af heitu vatni.

Almennir taxtar		Einingar	Grunngjald
H.1	Heitt vatn um rennismæli		
	Heimili og íbúðir	kr./m <sup>3</sup>	139,10
	Fastagjald	kr./ár	18.270
<b>H.2</b>	<b>Heitt vatn um rennismæli</b>		
	Stórnotendur >1"	kr./m <sup>3</sup>	139,10
	Fastagjald	kr./ár	26.004
<b>Sértaxtar</b>			
H.5	Heitt vatn um hemil		
	Heitt vatn um hemil	kr./mín/ár	38.620
	Fastagjald	kr./ár	26.004
<b>H.6</b>	<b>Heitt vatn um rennismæli</b>		
	Almenningssundlaugar		
	Sumar 1. maí - 30. september	kr./m <sup>3</sup>	70,20
	Vetur 1. október - 30. apríl	kr./m <sup>3</sup>	84,50
	Fastagjald	kr./ár	45.793

##### II. Stofngjöld hitaveitu.

Almennt verð heimæða gildir í þéttbýli á nýbyggingarsvæðum. Verðið gildir ekki þar sem búið er að ganga varanlega frá yfirborði og fullnægjandi veitulagnir ekki komnar að lóðarmörkum. Geri húseigandi breytingu á skipulagi húss frá útgefnu skipulagi sveitarfélags t.d. með því að færa til bílskúr eða annan inntaksstað ber hann til viðbótar allan kostnað við færslu eða breytingu lagna. Húseigandi sem óskar eftir breytingu eða færslu á inntaksbúnaði eða inntaksstað ber af því allan kostnað. Sama gildir um tímabundna aftengingu.

##### II.a. Þéttbýlisstaðir, Eyrarbakki, Selfoss og Stokkseyri.

Neðangreint verð gildir þar sem heildarlengd heimæðar er innan við 30 m, 2% yfirlengdargjald er tekið fyrir hvern metra. Stærð heimæðar fyrir almenna upphitun tekur mið af rúmmáli húsnæðis en stærð heimæðar fyrir aðra notkun ákvarðast af tilgreindri vatnsþörf í umsókn. Virðisaukaskattur reiknast 11% á heimæðargjöld fyrir heimæðar til húshitunar en 24% á heimæðargjöld til annarra nota.

	<b>Grunngjald kr.</b>
Heimæð, DN 20 stál eða PEX-25	346.075
Heimæð, DN 25 stál eða PEX-32	508.496
Heimæð, DN 32 stál eða PEX-40	580.428
Heimæð, DN 40 stál eða PEX-50	694.923
Heimæð, DN 50 stál	1.151.438
Heimæð, DN 65 stál	1.899.225

Ein tengigrind er innifalin í hverju heimæðargjaldi. Fyrir hverja aukatengigrind greiðist 10% af heimæðargjaldi viðkomandi málstærðar. Kostnaðarverð stærri heimæða en 65 mm er reiknað sérstaklega fyrir hvert tilvik og m.a. tekið mið af flutningsgetu heimæðar, stofnæða og aðveitu.

Frostálag á grunnjald: 20%

*II. b. Holtabyggð, Tjarnabyggð, byggð við Votmúlaveg og bæir austan við Stokkseyri.*

Neðangreint verð gildir þar sem heildarlengd heimæðar er innan við 70 m, 2% yfirlengdargjald er tekið fyrir hvern metra. Stærð heimæðar fyrir almenna upphitun tekur mið af rúmmáli húsnæðis en stærð heimæðar fyrir aðra notkun ákvarðast af tilgreindri vatnspörf í umsókn. Virðisaukaskattur reiknast 11% á heimæðargjöld fyrir heimæðar til húshitunar en 24% á heimæðargjöld til annarra nota.

	<b>Grunngjald kr.</b>
Heimæð, DN 20 stál eða PEX-25	803.042
Heimæð, DN 25 stál eða PEX-32	1.607.338

Ein tengigrind er innifalin í hverju heimæðargjaldi. Fyrir hverja aukatengigrind greiðst 10% af heimæðargjaldi viðkomandi málstærðar í þéttbýli. Kostnaðarverð stærri heimæða en 25 mm stál/32 mm PEX er reiknað sérstaklega fyrir hvert tilvik og m.a. tekið mið af flutningsgetu heimæðar, stofnæða og aðveitu.

Frostálag á grunnjald: 20%

*II.c. Bráðabirgðatengingar.*

	<b>Grunngjald kr.</b>
Bráðabirgðatenging DN 20 eða PEX-25	106.752

Verðið gildir fyrir tengingu við heimæðarenda sem kominn er inn fyrir lóðarmörk ásamt einni tengigrind. Við aðrar aðstæður og fyrir stærri tengingu er hún gjaldfærð í samræmi við raunkostnað.

*III. Innheimta og lokanir.*

	<b>kr.</b>
Innheimtugjald	1.598
Lokunargjald	6.968

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 24. febrúar 2022.*

F. h. umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra,

**Stefán Guðmundsson.**

*Hreinn Hrafnkelsson.*